



Borgarráð

Hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr **217.799 kr.** í á mánuði **228.689 kr.**
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr **348.476 kr.** í **365.902 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr **183.507 kr.** í **192.682 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr **108.898 kr.** í **114.345 kr.** á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr **17.481 kr.** í **18.355 kr.** á mánuði.

Breyting þessi taki gildi frá og með 1. júlí 2023. Áætlað er að aukin gjöld við breytinguna nemi um 90 m.kr. fyrir tímabilið júlí - desember 2023 eða 180 m.kr. á ársgrundvelli. Áætla má að endurgreiðsluhlutfall ríkisins vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 sé um 35 - 40%. Miðað við þær forsendur mun breytingin rúmast innan fjárheimilda ársins 2023.

Greinargerð:

Í ákvæðum 9. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Fjárhæð grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar var síðast hækkuð í janúar 2022.

Lagt er til að ofangreind ákvæði um að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verði hækkaðar um 5% og taki hækkunin gildi frá 1. júlí 2023. Með hækkuninni verður fjárhagsaðstoð til einstaklinga 228.689 kr. á mánuði og til hjóna eða sambýlisfólks 365.902 kr. Fjárhæðin er sambærileg og í nágrannasveitarfélögum en til samanburðar má geta þess að í Kópavogi er fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga árið 2023 227.790 kr. og til hjóna og sambúðarfólks 364.464 kr., í Garðabæ 232.660 kr. til einstaklinga og 372.257 kt. til hjóna og sambúðarfólks, í Hafnarfirði 226.056 kr. til einstaklinga og 361.690 kr. til hjóna og sambúðarfólks og í Mosfellsbæ 221.183 kr. til einstaklinga og 353.893 kr. til hjóna og sambúðarfólks. Vert er að taka fram að til viðbótar við ofangreinda grunnfjárhæð greiðir Reykjavíkurborg í hverjum mánuði sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu. Aðstoðin mætir kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna

skólamáltíða og síðdegishressingar, sbr. 6. mgr. 10 gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Kópavogur og Hafnarfjörður hafa tekið upp sambærilegar greiðslur en í Mosfellsbæ og Garðabæ virðist foreldrum unnt að sækja um slíkar greiðslur.

Ofangreind tillaga felur í sér eftirfarandi breytingar á 1.-5. mgr. 10. gr. og 16. gr. a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Breytingar eru með rauðu lettri:

1.-5. mgr. 10. gr.

Grunnfjárhæð

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **228.689 kr.** ~~217.799 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **365.902 kr.** ~~(228.698 x 1,6) 348.476 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er **192.682 kr.** ~~183.507 kr.~~


Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er **114.345 kr.** ~~(228.698:2) 108.898 (217.799:2).~~ Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur **192.682 kr.** ~~183.507 kr.~~

16. gr. a

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða **18.355 kr.** ~~17.481 kr.~~ fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Virðingarfyllst,



Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu

Fylgiskjal: Jafnréttisskimun, dagsett 13. júlí 2023.

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	13. júlí 2023
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Agnes Sif Andrésdóttir
Verkefni/tillaga:	Hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu um 5%
Þjónustupáttur:	Bundinn liður
Stofnun/kostn.st.:	F1700 - F1706
Fjárhæð:	Áætluð hækkun fyrir tímabilið júlí - desember 2023 er metin 90 m.kr.
Annað:	Áætlað er að endurgreiðsluhlutfall ríkisins v/15 gr. laga nr. 40/1991 geti numið 35 – 40%

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki um 5%.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, hugað er að sömu hækkun fyrir alla einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.
Einstaklinga og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farboða án aðstoðar. Meðalhlutfall þeirra sem hafa þegið fjárhagsaðstoð 2023 er 41% konur og 59% karlar.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.
Hefur ekki áhrif.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei